

Alþingi
Erindi nr. P 140/937
komudagur 30.1.2012

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Húsavík, 30. janúar 2012
nr. erindis 201201011

Efni: Tillögur til þingsályktunar um fjögurra- og tólf ára samgönguáætlun, 392. mál og 393. mál

Fyrir bæjarstjórn liggur til afgreiðslu tillögur til þingsályktunar um fjögurra- og tólf ára samgönguáætlun, 392. mál og 393. mál sem tekið var fyrir á 34. fundi bæjarráðs.

Til máls tóku: Hjálmar Bogi, Jón Helgi, Bergur, Sigríður og Gunnlaugur

Bæjarstjórn leggur fram eftifarandi bókun:

Fyrir bæjarstjórn Norðurlands liggja drög að samgönguáætlun til fjögurra ára (2012 – 2014)

Á undanförunum misserum hefur verið boðað til nýrra vinnubragða við gerð samgönguáætlunar og fjárfestingaráætlunar fyrir ríkissjóð. Hefur þess verið óskað að landshlutasamtök forgangsraði verkefnum sem þau telja að efli samkeppnisstöðu síns svæðis. Bæjarstjórn Norðurlands telur að þau vinnubrögð séu til mikilla framfara við gerð samgönguáætlunar og fjárfestingaráætlunar þjóðarinnar.

Eyþing, samtök sveitarfélaga við Eyjarfjörð og í Þingeyjarsýslu sem saman standa af 13 sveitarfélögum, hafa sent ráðneyti innanríkismála sínar áherslur og forgangsröðun. Í þessu máli tala sveitarfélögin einum rómi. Eyþing lagði m.a. áherslu á að ríkisvaldið kæmi að framkvæmdum við uppbyggingu Húsavíkurhafnar og vegtengingar milli hafnar og iðnaðarsvæðis, sem er forsenda fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Bakka. Að auki var lögð rík áhersla á, af hálfu Eyþings að Dettifossvegur yrði kláraður niður í Kelduhverfi, en gert er ráð fyrir að sú framkvæmd hefjist ekki fyrr en árið 2015. Bæjarstjórnin lýsir hinsvegar yfir vonbrigðum með að í nýrri fjögurra ára samgönguáætlun ríkissjóðs, sé ekki tekið tillit til áherslna Eyþings hvað þessi mikilvægu mál varðar.

Fyrirliggjandi bókun samþykkt samhljóða.

Virðingarfyllst f.h. Norðurlands,

Bergþóra Höskuldsdóttir